

9140breid

SKIPULAG RÍKISINS

Alþingi

Umhverfisnefnd Alþingis
Alþingi
150 Reykjavík

Erindi nr. B117/1157

komudagur 6/4 1994

Reykjavík 5. apríl 1994

Mál: Frumvarp til laga um verndun Breiðafjarðar

Vísað er til erindis umhverfisnefndar Alþingis dags. 3. mars 1994 þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um verndun Breiðafjarðar.

Á fundi skipulagsstjórnar ríkisins 30. mars 1994 var samþykkt eftirfarandi umsögn:


"Samkvæmt 1. mgr. 5. gr. skipulagslaga nr. 19/1964 með síðari breytingum skulu allar byggingar og önnur mannvirki gerð í samræmi við gildandi skipulagsuppdrátt.

Samkvæmt 2. mgr. 5. gr. sömu laga getur sveitarstjórn, þegar skipulagsuppdráttur er ekki fyrir hendi, leyft einstakar byggingarframkvæmdir, sem um kann að verða sótt, að fengnum meðmælum skipulagsstjórnar.

Samkvæmt 4. gr. frumvarps til laga um verndun Breiðafjarðar þarf leyfi ráðherra fyrir hvers konar mannvirkjagerð nema hún sé í samræmi við staðfest skipulag eða tengist nauðsynlegum framkvæmdum á lögbýlum.

Með vísan til 2. mgr. 5. gr. skipulagslaga verður í slíkum tilvikum að líta svo á, að auk leyfis sveitarstjórnar og meðmæla skipulagsstjórnar, þurfi samkvæmt frumvarpinu leyfi ráðherra að fenginni umsögn Breiðafjarðarnefndar.

Það er álit skipulagsstjórnar að umorða þurfi 4. gr. þannig að þetta komi skýrt fram og óvissu um málsmeðferð sé þar með eytt."


Stefán Thors

LAUGAVEGI 166 • 150 REYKJAVÍK

SÍMI: 91-624100 • BRÉFASÍMI: 624165 • GRÆN LÍNA: 996100 • KT: 590269-5149

GLERÁRGÖTU 30 • 600 AKUREYRI • SÍMI: 96-26387